

Reykjavík, 19. febrúar 2020.

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Nefndasviði Alþingis við Austurvöll

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum um tryggingagjald og lögum um ársreikninga (lækkun tryggingagjalds).

Bandalagi háskólamanna (BHM) barst ofangreint frumvarp til umsagnar frá efnahgs- og viðskiptanefnd Alþingis og hefur eftirfarandi um málið að segja.

BHM styður markmið frumvarpsins: *Markmið frumvarps þessa er að skapa fyrirtækjum jákvæðan hvata til að taka jafnréttismál föstum tókum með því að gera þeim fyrirtækjum sem setja sér jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sinni, hafa hlotið jafnlaunavottun og halda sem jafnastri kynjaskiptingu meðal stjórnenda tækisfæri til að sækja um lækkun á tryggingagjaldi.*

Reynslan sýnir að jákvæðir hagrænir hvatar geta stutt við nauðsynlegar samfélagsbreytingar, eins og þær sem kveðið er á um í jafnréttislöggjöfnni. Verði frumvarpið að lögum þarf þó að huga vel að því með hvaða hætti tryggingagjald sé lækkað og þess gætt að grafa ekki undan nauðsynlegum tekjustofnum ríkisins. Tekjur og skuldbindingar ríkisins þurfa að haldast í hendur. Þá þarf að kveða skýrt á um hver staðfesti að skilyrði samkvæmt frumvöpinu séu uppfyllt og hvernig það sé gert.

Að lokum er þó ástæða til að benda nefndinni á að í vetur er unnið að heildarendurskoðun jafnréttislaganna í forsætisráðuneytinu. Aðilar vinnumarkaðarins taka þátt í þeirri endurskoðun. Henni lýkur snemmsumars.

Virðingarfyllst,

Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Formaður BHM

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 20. febrúar 2020
2001253 JFK

Efni: Umsögn jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum um tryggingagjald og lögum um ársreikninga (lækkun tryggingagjalds), 40. mál.

Jafnréttisstofa þakkar fyrir að fá að koma að umsögn sinni vegna ofangreinds máls og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ný grein, 18 a, bætist við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í greininni eru tilgreind þau skilyrði sem launagreiðandi þarf að uppfylla til að eiga rétt á lækkun tryggingargjalds. Jafnréttisstofa telur óljóst hvaðan staðfesting á því að launagreiðandi uppfylli tilgreind skilyrði eigi að koma. Telur stofan því að frumvarpið verði að taka af öll tvímæli hvað það varðar.

Þá þykir stofunni rétt að taka fram að frumvarpið gerir ráð fyrir að launagreiðendur fái lækkun á tryggingargjaldi uppfylli þeir kröfur sem nú þegar er gerður lagaáskilnaður um að þeir geri.



Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur



**KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS**
STOFNAÐ 1907

Hallveigarstaðir, Reykjavík
25. febrúar 2020

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum um tryggingagjald og lögum um ársreikninga (lækkun tryggingagjalds), þingskjal 40, 40. mál, 150. löggjafarþing

Kvenréttindafélag Íslands lýsir yfir stuðningi við þetta frumvarp, sem felur í sér breytingar á ýmsum lögum til að hvetja launagreiðendur til að stuðla að jafnrétti kynjanna í starfsemi sinni.

Í frumvarpinu eru lagðar fram breytingar á jafnréttislögum nr. 10/2008 og lögum um tryggingagjald nr. 113/1990 sem gefur launagreiðendum rétt á lækkun tryggingagjalds ef þeir uppfylla ýmis skilyrði í starfsemi sinni um jafnrétti kynjanna; sem og breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 sem kveður á um að í skýrslu stjórnar opinberra hlutafélaga og hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal upplýsa um hlutföll kynjanna í stjórn, varastjórn, framkvæmdastjórn og annarra stjórnenda.

Telur stjórn Kvenréttindafélagsins umræddar breytingartillögur vera til bóta við núverandi ástand, sem jákvæð hvatning til fyrirtækja og stofnana að stuðla með virkum hætti að kynjajafnrétti í starfsemi sinni.

Ekki síður er mikilvæg sú breyting sem óskað er eftir á lögum um ársreikninga, að stjórnir hlutafélaga skrái formlega á hverju ári í ársreikningum sínum kynjahlutföll í stjórnunarstöðum. Þessi skráning er ekki íþyngjandi fyrir starfsemi fyrirtækja og stofnana en þessar upplýsingar eru afar mikilvægar sem greiningartæki um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðnum.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18.2.2020
Tilvísun: 20200200436

Kt. 420169- 3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum um tryggingagjald og lögum um ársreikninga (lækkun tryggingagjalds), 40. mál – þskj. 40.

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. febrúar 2020 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint þingmál.

Frumvarpi þessu er ætlað að skapa fyrirtækjum hvata til að leggja áherslu á jafnréttismál með því að veita þeim rétt til lækkunar á tryggingagjaldi skv. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Ríkisskattstjóri telur tilefni til eftirfarandi athugasemda:

Með 1. gr. frumvarpsins bætist ný 18. gr. a. (lækkun tryggingagjalds) við lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem tiltekur skilyrði þau sem launagreiðandi þarf að uppfylla til að eiga rétt á lækkun almenns tryggingagjalds, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Ekki er ljóst af ákvæðum frumvarpsins eða greinargerð á forræði hvers skuli vera staðfesting á því að skilyrði nýrrar 18. gr. a. teldust uppfyllt, þrátt fyrir að ríkisskattstjóra sé ætlað að kveða á um það form sem afmarka skuli þær upplýsingar sem ákvörðun um lækkun tryggingagjalds grundvöllust á. Þær upplýsingar sem taka þyrfti afstöðu til við afgreiðslu umsóknar um lækkun tryggingagjalds hlytu að liggja annars vegar hjá Jafnréttisstofu, a.m.k. skilyrði a. um gilda jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu og skilyrði e. um jafnlaunavottun, sbr. þó undantekningarákvæði 2. mgr. 18. gr. a., en ekki er tilgreint á forræði hvers yrði skoðun ársreikninga viðkomandi launagreiðenda, sbr. skilyrði b.-d. um hlutföll stjórnenda og stjórnarmanna/varamanna í stjórn. Ekki má ráða af frumvarpi þessu hvort að slík skoðun skyldi fara fram hjá Jafnréttisstofu samhliða skoðun á skilyrðum a., og eftir atvikum e., eða hvort að ætlunin væri að fela slíkt ársreikningaskrá Skattsins. Allt að einu verður ekki gert ráð fyrir öðru en að framkvæmd lækkunar yrði við álagningu ríkisskattstjóra að staðgreiðsluári liðnu, sbr. 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að við 2. mgr. 12. gr. laga um tryggingagjald bætist svohljóðandi málsliður:

„Þeir launagreiðendur sem óska lækkunar á tryggingagjaldi vegna staðgreiðsluárs skv. 4. mgr. 2. gr. skulu skila inn með launaframtali, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, upplýsingum sem ríkisskattstjóri þarf til ákvörðunar um heimild til lækkunar gjaldsins.“

Af framangreindu verður ekki annað séð en að launagreiðandinn þyrfti að skila til ríkisskattstjóra fullnægjandi staðfestingu frá Jafnréttisstofu um að fullnægt væri a.m.k. a. og jafnvel e.-lið nýrrar 18. gr. a. laga nr. 10/2008, eða hafa milligöngu um að ríkisskattstjóra bærist

slík staðfesting. Þá er ljóst að ársreikningur launagreiðanda þyrfti að hafa hlotið staðfestingu áður en framtalsskil eiga sér stað. Í því samhengi vekur ríkisskattstjóri athygli á því að framtalsskil lögaðila hefjast þegar í lok janúar ár hvert, og undanfarin ár hefur embættið lagt ríka áherslu á að draga úr síðbúnum framtalsskilum eða því að framtöl berist undir lok frests, þ.e. í ár þann 2. október. Lögaðilar sem jafnframt greiddu laun eða staðgreiðslu voru um 22.700 árið 2019 og afar óheppilegt væri að framtalsskil þessa hóps yrðu að einhverju leyti háð afgreiðslutíma gagna hjá þriðja aðila eða þá staðfestingu ársreiknings. Þá er vert að nefna að samkvæmt 109. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, er skilafrestur til ársreikningaskrár allt að átta mánuðum frá lokum reikningsárs.

Þá bendir ríkisskattstjóri á að í tilvikum þar sem örfélög, skv. 11. tl. a. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006, eru launagreiðendur þá gætu þessir aðilar ekki nýtt sér heimild 1. mgr. 3. gr. sömu laga til að senda eftir sérstökum rafrænum farvegi ríkisskattstjóra rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggða á skattframtali sínu. Slíkum ársreikningi fylgir enda ekki skýrsla stjórnar eða aðrar upplýsingar um kynjahlutföll stjórnenda, stjórnarmanna eða varamanna í stjórn.


Ennfremur skyldi þess getið að ríkisskattstjóri hefur ekki yfir að ráða gagnagrunnum þaðan sem auðfengið væri að keyra út til greiningar eða skoðunar upplýsingar um kynjahlutföll stjórnenda félaga eða stjórnarmanna og varamanna í stjórn. Ársreikningum er skilað á pdf-formi, og í einstaka tilvikum á pappír, og þannig þyrfti að fletta handvirktt upp í hverju einasta skjali til að kalla fram þau gögn sem nota skyldi til að taka afstöðu til umræddra kynjahlutfalla.

Þá má nefna að hugtakið „framkvæmdastjórn“ er ekki skilgreint í félagarétti, s.s. að því er varðar verkvið, ábyrgð eða annað, en þó er ljóst að t.a.m. getur framkvæmdastjórn félags ekki með einföldum hætti tekið við hlutverki félagsstjórnar sem slíkrar.

Að lokum telur ríkisskattstjóri ástæðu til að nefna að óljóst er hverjar kæruleiðir yrðu ef ágreiningur kæmi upp um skilyrði til lækkunar tryggingagjalds á einhverju stigi., enda t.a.m. ekki ljóst hvaða stjórnvald færi með skoðun á skilyrðum um kynjahlutföll, svo sem að framan greinir, eða að öðru leyti um hlutverk Jafnréttisstofu annars vegar og ríkisskattstjóra hins vegar við eftirlit með þeirri framkvæmd sem ákvæði frumvarpsins leiða af sér. Þó er fullvíst að flækjustigið og afleidd umsýsla yrði umtalsverð, sem yki kostnað og tefði jafnframt alla framkvæmd álagningar lögaðila.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Helga Valborg Steinarsdóttir